



Fundur í byggingar- og skipulagsnefnd Fljótisdalshrepps í Végarði 30. okt. 2014 kl. 16:00.

Fundarmenn:

Eiríkur J. Kjerúlf, formaður

Helga H. Vigfúsdóttir

Jón Þór Þorvarðarson

Sveinn Þórarinsson, byggingarfulltrúi

1. Þuríðarstaðir. Vélageymsla og stækkun gamals fjárhúss.

Vélageymslan. Byggingin er 5,1 m á breidd og 8 m á lengd. Hún er byggð á steypum sökklí og með steyptri gólfplötu. Burðarvirki í veggjum og þaki er úr timbri og bárujárnsklætt að utan. Vélageymslan er að mestu frágengin að utan, hið innra er búið að einangra þak en veggir eru óeinangraðir enn sem komið er, en til stendur að einangra þá og klæða veggi og loft að innanverðu.

Á uppdráttinn er stimplað að hann sé ófullgerður og á hann vantar hefðbundna byggingarlýsingu. Skráningartafla fylgdi með í rafrænuformi.

Stækkun gamla fjárhússins. Fjárhúsið var stækkað upp að fjallinu í fyrra eða hitteðfyrra, þannig að lítið ber á þeirri stækkun frá vegi. Stækkunin er 4,3 m á breidd og 5,7 m á lengd og byggð í sama stíl og vélageymslan. Á uppdráttinn er stimplað að hann sé ófullgerður og gera þarf betri grein fyrir gamla fjárhúsinu og byggingarlýsingu. Byggingarnefnd óskar eftir að þessar teikningar séu fullgerðar og skráningartafla nái yfir fjárhúsin í heild sinni.

Byggingarnefnd fer framá að fullgerðir uppdrættir berist til hennar sem fyrst.

2. Droðlaugarstaðir. Niðurrif á gamalli fjósbyggingu.

Lárus Heiðarsson sækir um leyfi til að fá að rífa gamla fjósbyggingu á Droðlaugarstöðum, fasteignanúmer 217-2920 0300101. Byggingarnefnd samþykkir beiðnina og felur byggingarfulltrúa að afskrá bygginguna úr þjóðskrá.

3. Gæðastjórnunarkerfi fyrir embætti byggingarfulltrúa.

Byggingarfulltrúi sagði frá fundi í Reykholti í Borgarfirði dagana 25. og 26. september og gerði grein fyrir fyrirliggjandi kröfum um gæðastjórnunarkerfi fyrir embætti byggingarfulltrúa sem Mannvirkjastofnun skal staðfesta fyrir 1. janúar 2015. Páll Halldórsson hjá Provis ehf kynnti þá vinnu sem farið hefur fram og afhenti uppkast að gæðastjórnunarhandók sem byggingarfulltrúar verða síðan að aðlaga að sínum aðstæðum og senda til Mannvirkjastofnunar fyrir áramót til staðfestingar. Í framhaldi af kynningunni var fundarmönnum skipt

FLJÓTSDALHREPPUR – BYGGINGARFULLTRÚI

Végarði, 701 Egilsstaðir

upp í vinnuhópa til að ræða efni og innihald handbókarinnar. Ljóst er að talsverð vinnu felst í þeirri aðlögun sem hvert og eitt byggingarfulltrúa embætti þarf að inna af hendi áður en gæðastjórnunarhandbókin telst hæf til staðfestingar hjá Mannvirkjastofnun. Byggingarfulltrúi reiknar með að ljúka þeirri vinnu í næsta mánuði og kynna handbókina fyrir nefndarmönnum áður en hún verður send inn til Mannvirkjastofnunar til staðfestingar.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundi slitið kl. 17.

Fundarritari: Sveinn Þórarinsson

Sign: Eiríkur J. Kjerúlf
Helga H. Vigfúsdóttir
Jón Þór Þorvarðarson